Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan




Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

25. og 26 tbl. Þriðjudagur 20.6. 1978 7. árg. verð kr. 100.-

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?



GUNNAR ANDRÉSSON
rafvirki.



SIGURÐUR JÓN ÓLAFSSON
iðnverkamaður.



BENEDIKT S. KRISTJÁNSSON
verkamaður.



MARGRÉT EINARSDÓTTIR
kennari.

Til sigurs fyrir K-listann

Kommúnistaflokkurinn býður nú í fyrsta skipti fram til alþingiskosninga. Það fylgi sem hann fær er mikilvæg stuðningsyfirlýsing við þá stefnu og baráttu sem hann hefur staðið fyrir innan fjöldahreyfinga. Lítið fylgi K-listans, en mikið fylgi G-listans, myndi efla hægrimenn innan Alþýðubandalagsins og gefa þeim tilefni til að ætla að þeir geti leyft sér hvers kyns svik og undanslátt, án andstöðu baráttumanna. Mikið fylgi K-listans mun hins vegar styrkja stöðu baráttumanna innan fjöldahreyfinga.

Þingmaður Kommúnistaflokksins mun verða málsvari verkafólks og herstöðvaandstæðinga. Öflugt fylgi K-listans mun verða baráttunni meiri styrkur en einn þingmaður Alþýðubandalagsins í viðbót.

Einn þingmaður Kommúnistaflokksins mun stórbreyta baráttuaðstöðu kommúnista og verða fjöldabaráttunni meiri stuðningur en allir þingmenn Alþýðubandalagsins samanlagt.

AÐ KJÓSA K - LISTANN ER:
- að styðja kröfuna fyrir lífvænlegum launum fyrir dagvinnu.
- að snúast gegn stéttasamvinnustefnu og undanslætti við auðvaldið.
- að styðja baráttu fyrir lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar.
- að styðja undanbragðalausa baráttu fyrir brottför hersins og úrsögn Íslands úr NATC
- að mótmæla svikum í hermálinu eins og í tíð síðustu vinstri-stjórnar.
- að styðja baráttu gegn allri heimsvaldastefnu og stríðsundirbúningi risaveldanna.
- að efla hreyfingu baráttumanna, styrkja áróðursstöðu þeirra og slagkraft í fjöldahreyfingum.

KJÓSTU EFTIR SANNFÆRINGU ÞINNI
KJÓSTU K-LISTANN

Allir þingflokkarnir eru kaupránsflokkar

Laun alþýðu landsins voru skert með lagaboði þann 1. mars s.l.. Þessi skerðing táknaði ekki aðeins launalækkun, hún táknaði brot á frjálsum samningsréttindum verkalýðshreyfingarinnar. Og það þýðir gróf árás á almenn lýðréttindi í þjóðfélaginu.

Þegar málið er skoðað út frá þessu sjónarmiði kemur í ljós að barátta verkalýðshreyfingarinnar fyrir kröfunni um samningana í gildi, er ekki mikilvægust sem krónubarátta heldur sem pólitísk barátta fyrir lýðréttindum

Í ljósi þessa skulum við svo líta aðgerðir nýkjörins meirihluta borgarstjórnarinnar í Reykjavík.

Handaskolun nýja meirihlutans

Alþýðubandalagið hefur látið flokka hæst yfir kaupránslögum íhalds og framsóknar. En fátt hefur orðið úr verki hjá hvoru tveggja verkalýðsforingjum og almennum pólitíkusum AB, annað en að hvetja fólk til að kjósa AB. Þannig stillir AB verkafólki upp við vegg: Annað hvort kjósið þið AB og allt verður gott eða þið gerið það ekki og slíkt kostar áframhaldandi kauprán. Og að því sögðu berst AB gegn allri viðleitni til fjöldabaráttu gegn kaupránslögunum.

Nú skyldu menn ætla að AB, eftir því sem það hefur látið, myndi hafa frumkvæði að því að borga kjaraskerðingu auðvaldsins að fullu, nú þegar það er leiðandi afl nýja meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur. En það fór á annan veg og nú rekur hver yfirlýsingin og ásökunin aðra, milli meirihlutaflokkanna innbyrðis. Þar kennir hver öðrum um en ljóst er að aldrei kom til umræðu að borga fullar verðbætur á laun. Og það eru hrein svik við kröfur verkalýðshreyfingarinnar og á gefnum loforðum.

Enginn meirihlutaflokkanna segir að það strandi á sér að fullar verðbætur verði greiddar en verkafólk á kröfu á að fá vitneskju um hvað sé í veginum. Tal um að nýi meirihlutinn "taki ekki á sig syndir annarra", "geti ekki borgað fullar verðbætur" er einungis fyrirsláttur og undanbrögð, sem ekki má líða fulltrúum stjórnmálaflokka er munu að líkindum sitja í ríkisstjórn næsta kjörtímabil.

"Réttmæti" kjararánsins viðurkennt af nýja meirihlutanum

Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið sem skipa borgarstjórnarmeirihlutann ásamt Framsóknarflokknum, eru nú orðnir þátttakendur og gerendur að kjaraskerðingu ríkisvaldsins.

Þeir hafa nú viðurkennt að kjararánslögin hafi að nokkru leyti verið nauðsyn. Þessi viðurkenning felst í því að þeir skuli ekki borga fullar verðbætur (einnig aftur í tímann), þegar þeir eru í aðstöðu til.

Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið geta ekki skýlt sér bak við það að fullar verðbætur strandi á fulltrúa annars kaupránsflokksins Framsóknarflokksins, Kristjáni Benediktssyni. Því einn fulltrúi íhaldsins, Magnús L. Sveinsson, hefur í trausti þess að Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur myndu neita, lýst sig fúsan til að greiða með þeim atkvæði um fullar verðbætur á laun. Og Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur neituðu.

Verkalýðsforingjar Alþýðubandalagsins halda varla vatni af ánægju yfir niðurstöðu nýja borgarstjórnarmeirihlutans.

framhald á síðu 2.

Viðtöl við:

Gunnar Andrésson

Kristjan Guðlaugsson

og gamla baráttumenn

Grein um Dagsbrún

xK xK xK xK xK xK xK

LEIÐARI

Hvers er að vænta af kosningunum?

Þegar þetta er skrifað eru aðeins nokkrir dagar til kosninga. Allt útlit er fyrir að stjórnarflokkarnir hljóti mikið afhroð í þessum kosningum og stjórnarandstaðan vinni á að sama skapi. Yfir okkur hefur síðustu vikurnar dunið áróðursherferð stjórnmálaflokkanna, þar sem hver kennir öðrum um hvernig í pottinn er búið í íslensku efnahagslífi í dag. Einna hæst hefur galað Alþýðubandalagið, sem hefur nú að eigin sögn grafið upp úr pússi sínu hinar einu sönnu og óbrigðulu lausnir á efnahagsvandanum.

En við hverju er svo að búast eftir kosningarnar? Allir þekkja nú orðið íhaldsstjórnina og aðferðir hennar til að leysa vandamálin. En er einhvers annars og betra að vænta frá Alþýðuflokknum og Alþýðubandalaginu? Svar okkar er hiklaust neitandi. Við höfum nú þegar fyrir okkur stikkprufu af því sem koma skal ef þessir flokkar komast í ríkisstjórn. Þessa stikkprufu höfum við úr aðgerðum nýja borgarstjórnarmeirihlutans, þar sem mörkuð var stefnan um áframhaldandi kauprán í fótspor íhaldsstjórnarinnar.

Verkalýðsforingjar Alþýðubandalagsins létu hátt í vetur þegar kaupránslögin voru sett og kröfðust: SAMNINGANA Í GILDI. Nú hafa þessir sömu forkólfar varla orðaforða til að lýsa með ánægju sinni með ákvörðun borgarstjórnarinnar og ekkert heyrist lengur minnst á að samningana eigi að fá í gildi. Sannleikurinn er sá að Alþýðubandalagsforystan hefur með ráðnum hug notfært sér kjarabaráttu íslensks verkalýðs í eigin tilgangi, þeim tilgangi að afla sjálfri sér ráðherrastóla og feitra embætta innan ríkisvaldsins. Íslensk verkalýðsstétt hefur einskis að vænta úr hendi Alþýðubandalagsins og verkalýðsforingja þess nema svika og aukins kaupráns. Verkalýðsstéttin verður að taka upp sjálfstæða baráttu með virkri þátttöku alls þorra verkalýðsins ef einhvers árangurs á að vænta úr baráttunni.

Barátta hliðhollra alþingismanna getur aldrei orðið annað og meira en stuðningur við sjálfstæða baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Að treysta algerlega á alþingismenn og örfáa verkalýðsforingja í baráttunni er dauðadæmd baráttuaðferð sem aldrei mun leiða verkalýðsstéttina til neins annars en ósigurs.

Félagar Kommúnistaflokksins hafa nú barist í sex ár fyrir því innan verkalýðshreyfingarinnar að hún taki upp sjálfstæða baráttu óháð pólitískum flokkum. Árangur þessa starfs er nú þegar nokkur og má kannski helst marka hann af viðbrögðum verkalýðsforystunnar, sem ekki hefur haft kjark til að mæta félögum Kommúnistaflokksins á fundum nú fyrir kosningarnar.

Kosningar eru ekki kjarabarátta en þingmenn geta veitt stuðning baráttu verkalýðsins með starfi sínu á Alþingi. Slíkan stuðning er þingmanni Kommúnistaflokksins ætlað að veita, ef flokkurinn fær mann á þing. K-listinn er listi verkafólks.



Framboðslisti Kommúnistaflokksins


Gunnar Andrésson


Sigurður Jón Ólafsson


Benedikt Kristjánsson


Margrét Einarsdóttir


Magnús Þorgrímsson


Jónína H Óskarsdóttir


Soffía Sigurðardóttir


Skúlína Kjartansdóttir


Ástvaldur Ástvaldsson


Sigurður Ingi Andrésson


Skúli Waldorff


Sigurður Einarsson

Aðrir á listanum eru:

13. Eiríkur Brynjólfsson kennari
14. Norma E. Samúelsdóttir skrifstofumaður
15. Konráð B. Pálmason iðnnemi
16. Nanna Artúrsdóttir verkakona
17. Guðrún Ægisdóttir saumakona
18. Björgvin Leifsson nemi
19. Steinunn Torfadóttir kennari
20. Halldóra Gísladóttir húsmóðir
21. Margrét Jóhannsdóttir skrifstofumaður
22. Ingibjörg Einarsdóttir hjúkrunarfræðinemi
23. Guðni Guðnason lögfræðingur
24. Björn Grímsson vistmaður á Hrafnistu

Allir þingflokkarnir eru kaupránsflokkar

framhald af forsíðu

Þannig hafa þeir einnig snúist frá fyrri yfirlýsingum um samningana í gildi.

Alþýðubandalagið ætlar í ríkisstjórn hvað sem það kostar.

Alþýðubandalagið hefur undirbúið það vandlega að komast í ríkisstjórn. Þessi undirbúningur felst í því að plægður hefur verið jarðvegurinn innan verkalýðshreyfingarinnar en þar er AB valdamest allra pólitískra flokka og treður óspart á lýðræðinu. Einnig hefur nú AB sýnt auðherrunum fram á að þeirra hag sé best borgið, sé AB í ríkisstjórn.

Auðvaldinu er nú ljóst að AB er í lófa lagið, í krafti valda sinna í verkalýðshreyfingunni, að hefja öfluga verkfallsbaráttu ef það kemst ekki í ríkisstjórn. Og ef AB kemst í ríkisstjórn er því allt eins í lófa lagið að halda aftur af verkalýðshreyfingunni og verkfallsbaráttunni.

Þetta hvort tveggja hefur AB sýnt síðan kjararánslögin voru sett. Það hefur staðið fyrir alls kyns miðstýrðum aðgerðum, tveggja daga allsherjarverkfalli, útflutningsbanni, olíuinnflutningsbanni, dagsverkföllum, helgarvinnubanni en engri þessari aðgerð hefur verið ætlað að þvinga atvinnurekendur til að borga samningana í gildi. Þær hafa einungis verið sýndarmennska og liður í undirbúningi AB til að komast í ríkisstjórn. Enda hefur árangurinn sýnt sig í því að vera enginn.

Nú hefur AB sýnt sig ætla að svíkja kröfuna um samningana í gildi, í ríkisstjórninni ef það nær í þá stóla rétt eins og það gerði í borgarstjórninni.

Frammi fyrir því stendur verkafólk þegar það gengur til kosninga 25. júní 1978.

Þingflokkarnir eru nú allir orðnir aðilar að kjararánslögunum og því að það viðgangist að samningsrétturinn er brotinn á bak aftur. Þetta er staðreynd sem ekki verður gengið framhjá.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

- Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 15:30 - 18:30.
- Hellisandur: Sigfus Almarsson Hellisbraut 10.
- Stykkishólmur: Gísli Hjaltason P.O. Box 63.
- Akureyri Jón Atli Játvarðsson Skarðshlíð 30.
- Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38
- Hornafjörður: Skúli Waldorff, Bókabúð KASK.
- Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.
- Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjavíkurvegi 24.
- Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11N:220, 222 46 LUND. Hrólfur B. Ágústsson Uppstigen 139-31, 421 80 GÖTEBORG.

Viðtal við Gunnar Andrésson:
Sósíalisminn er hvarvetna í sókn

Senn líður að kosningum til Alþingis og hiti kosningabaráttunnar í hámarki. Í tilefni þess lagði Stéttabaráttan leið sína til Gunnars Andréssonar, efsta manns á lista Kommúnistaflokksins í Reykjavík til að fá álit hans á brýnustu málefnum dagsins:

- Hver telur þú vera þau helstu mál sem tekist verður á um í komandi kosningum og hver er afstaða Kommúnistaflokksins til þeirra?

- Það er augljóst að efnahagsmálin verða það sem helst verður tekist á um. Fólk er orðið langþreytt á þeim auðvaldslausnum sem mótaðar hafa verið hingað til. Það hefur verið hrein einstefna í þessum málum af hálfu ríkisvaldsins. Stöðugar verðhækkanir og skerðing launa eru einu leiðirnar sem farnar hafa verið. Í hvert skipti sem ríkisstjórnin hefur reynt að leysa efnahagsvandann hafa aðgerðirnar byrjað og endað á kjaraskerðingu. Engar raunhæfar leiðir hafa verið reyndar til að glíma við verðbólguna eða annan efnahagsvanda.

Kommúnistaflokkurinn hefur margbent á að herða verður allt verðlagseftirlit, með það að markmiði að koma í veg fyrir auðsöfnun atvinnurekenda og fjármálabraskara á verðbólgunni. Þetta á einnig við úrlausnir ríkisvaldsins í skattamálum. Kommúnistaflokkurinn hefur bent á að velta verður skattbyrðunum af verkafólki yfir á stóru atvinnufyrirtækin. Kommúnistaflokknum er einum treystandi til að vinna að þessum málum. Allir aðrir hafa reynst ófærir um að koma þessum málum í framkvæmd.

Það verður einnig tekist á um hermálið en í því hafa svokallaðir hernámsandstæðingaflokkar algjörlega svikið og í sumum tilvikum gengið erlendum auðhringjum á hönd. Þetta er enn ein sönnun að framboð og tilvera Kommúnistaflokksins er algjör nauðsyn ef takast á að byggja upp sannan verkalýðsflokk.

Allir flokkar hafa fögur fyrirheit um baráttu gegn verðbólgunni en enginn þeirra treystir sér samt að ráðast að rótum hennar.

Eini flokkurinn sem er treystandi til að gera þetta er Kommúnistaflokkurinn og rætur verðbólgunnar liggja í gróðasöfnun atvinnurekenda.

Verðbólgugróðinn er stór hluti af gróðasöfnun auðstéttarinnar og Kommúnistaflokkurinn er eini flokkurinn sem treystandi er til að skerða þann gróða og ráðast að rótum verðbólgunnar.


Þeir flokkar sem ekki hafa heilsteypta afstöðu í þessu máli eru alls ófærir um að berjast gegn verðbólgunni. Alþýðubandalagið er að reyna að sitja á tveim stólum í einu þessu máli með svokallaðri íslenskri atvinnustefnu. Þessi stefna er á engan hátt frábrugðin stefnu einkaframtaksins og gerir ekki meir en stefna íhaldsins að viðurkenna gróðasöfnun auðherranna. Þeir verða ekki til að lægja verðbólguna. Í mesta lagi gætu þeir dregið úr kröfum launafólks um bætt kjör, vegna stöðu sinnar innan verkalýðshreyfingarinnar. Fyrir slíkt ætti launafólk ekki að þakka þeim með stuðningi í kosningum. Þeir eru úlfur í sauðargæru, tala fagurlega fyrir kosningar en verk þeirra eru hin skuggalega hlið.

- Nokkuð að lokum?

- Aðeins það að ég vona að Kommúnistaflokkurinn eflist í þessari kosningabaráttu og stefna hans vinni á.

Hvarvetna í heiminum er sósíalisminn í sókn en auðvaldið á undanhaldi. Hvernig sem þessar kosningar fara er framtíðin björt fyrir íslenska alþýðu. Hún mun sigra að lokum og byggja upp lýðræðisþjóðfélag, þar sem vinnan gerir fólkið frjálst.

Barátta okkar er rétt að hefjast og þó við töpum orustunum munum við sigra að lokum.



Gunnar Andrésson formaður Kommúnistaflokksins skipar efsta sæti K-listans.

Viðtal við Rauðsokka



Myndin er af hinum vinsæla sönghóp Rauðsokka og eru þær Hjördís Bergsdóttir og Margrét Jóhannsdóttir lengst til vinstri og lengst til hægri er Norma E. Samúelsdóttir.

framhald af baksíðu

innrætt það frá blautu barnsbeini. Þær eru litnar hornauga af atvinnurekendum, sem kúga þær með gamla fantatakinu, að það séu hreinustu vandræði að þær séu alltaf með þessi börn. Og þetta helst þeim uppi þrátt fyrir allt jafnréttispíp borgaraflokkanna og jafnréttisráðið góða.

Norma: Það háir konum mikið að þurfa alltaf að bera alla ábyrgðina á börnunum. T.d. er það þannig að ef ég verð veik, sem er því miður oft, þá verð ég annað hvort að liggja ein heima með þrjú börn, eða maðurinn minn tekur sér frí í vinnu, sem er dregið af kaupi hans. Hann getur ekki fengið veikindafrí nema gegn læknisvottorði við eigin veikindi. Aðstoð frá félagsmálastofnun er aðeins hægt að fá með nokkura daga fyrirvara, það þýðir að ég verð að ákveða veikindin fyrirfram til að fá aðstoð.

Guðrún: Þetta er ekki bara spurningin um hvort konan sé heima eða ekki, Það er spurningin um að vera sjálfstæð, hafa fjárráð og þurfa ekki að vera upp á neinn komin. Það er niðurlægjandi fyrir fólk, hvort sem í hlut á kona, unglingur eað gamalmenni, að þurfa að fara bónarveginn í peningamálum. Fjárhagslegt sjálfstæði er m.a. ein megin forsenda frelsis kvenna.

Hjördís: Fallega myndin er sú að konan sé heima og maðurinn vinni úti og allt gangi vel. Oft gengur það vel, en stundum ekki. Það er ekki sanngjarnt að líta á karlmenn sem fyrirvinnur, peningavélar sem aldrei bila. Þeir geta veikst eða dáið. Konur verða að gera sér grein fyrir þessu, það er slæmt fyrir alla aðiða að konan sé óviðbúin slíku og ábyrgðin af framfærslunni hvíli öll á öðrum aðilanum. Konan er sjálfri sér verst þegar hún ákveður framtíð sína sem húsmóðir, án þess að vera reiðubúin að taka við ábyrgðinni af framfærslu barnanna.

- Hver finnst ykkur afstaða karla vera til jafnréttisbaráttu

Hjördís: Fyrsta viðbragð þeirra flestra var hræðsla og andstaða, því þeir þekktu ekki forsendurnar fyrir baráttunni. En eftir að konur fóru að kynna málstað sinn, þá hefur skilningurinn aukist og nú eru karlmenn samherjar okkar, því smátt og smátt gera þeir sér grein fyrir að þeir hafa líka hag af baráttunni.

Margrét: Fyrst í stað litu þeir á baráttuna sem árás á heimilið og fjölskylduna, jafnvel ástina og hjónabandið. Jafnréttisbarátta felur vissulega í sér árás á heimilið sem stofnun, þar sem þjóðfélagsbreyting sem breytir hlutverki þess er óhjákvæmileg til að ná fullu jafnrétti.

Norma: Það er rétt að viðhorf karlmanna hefur breyst, þeir líta nú ekki lengur á konuna sem óæðra kyn. En þó er þessi breyting enn meira í orði en á borði, þar sem misréttið er svo rótgróinn hluti af þjóðfélaginu.

Hjördís: Margir karlar eru án efa hræddir um að missa eitthvað ef konan fer út í jafnréttisbaráttu. En jafnréttisbarátta er orðin staðreynd í þjóðfélaginu, þær raddir að jafnréttissinnar séu bara einhverja rasssíðar brjóstalitlar kerlur í rauðum sokkabuxum sem fari út í þetta vegna vonbrigða í ástarlífinu, eru að mestu þagnaðar.

Margrét: Afstaða karla til hlutverks kvenna er stéttbundin. Kona atvinnurekandans hefur allt annað hlutverk en verkakonan og verkamaður sér konuna frá öðru sjónarhorni en atvinnurekandi.

Guðrún: Íhaldsöflin hafa breytt um aðferð til að kæfa jafnréttisbaráttuna. Í stað þess að snúast hatrömm gegn henni, látast þau styðja hana, reyna að afvegaleiða hana og afstýra því að nokkrar þjóðfélagsbreytingar eigi sér stað. Þau reyna að sannfæra okkur um að jafnrétti felist í því að senda nógu marga sjálfstæðis- eða Alþýðubandalagskonur á þing, gera þær að læknum, lögfræðingum eða forstjórum. Auðvaldsskipulagið reynir að græða á öllu, jafnvel jafnréttisbaráttu.

Hjördís: Frumkvæði kvennanna sjálfra er aðal forsenda þess að herða baráttu. Þær verða að finna þetta hjá sjálfum sér.

framhald af síðu 8

ræða Gunnar Andrésson:

einskis að vænta, það færist nú æ lengra til hægri og á stöðugt erfiðara með að verja fyrir sjálfu sér og öðrum þau vinstri kjörorð, sem aflað hefur því fylgi hingað til.

Af þessum og fleiri ástæðum hefur aukist svigrúmið á vinstri kanti íslenskra stjórnmála. Svigrúm sem AB er síður en svo annt um að verði brúað en það er einmitt það sem Kommúnistaflokkur Íslands ætlar að gera.

Framboð Kommúnistaflokksins er eðlilegt og nauðsynlegt ef takast á að halda uppi öflugri baráttu gegn íhaldinu og hægri þróuninni í verkalýðshreyfingunni. Kommúnistaflokkurinn er eini staðfasti flokkurinn sem berst fyrir brottför hersins og úrsögn Íslands úr NATO. Hann berst jafnframt fyrir því að öll heimsvaldastefna verði fordæmd. Kommúnistaflokkurinn er einnig eini flokkurinn sem staðfastlega er gegn ásælni erlendra auðhringja.

Hann er jafnframt eini flokkurinn sem líklegur er til að berjast í raun fyrir þessum málum á þingi, fái hann til þess fylgi. Líkur þess eru stórlega skertar af samtryggingarkerfi gömlu flokkanna, sem ekki skirrast við að brjóta lög til að raddir nýrra afla fái ekki að heyrast í fjölmiðlum. Kjörorð gamla samtryggingarkerfisins er "enga nýja flokka á þing", það gæti komið af stað óþægilegum umræðum um fyrri störf gömlu flokkanna.

Kommúnistaflokkurinn leggur áherslu á það að hver kjósi eftir sinni sannfæringu og enginn láti hræða sig frá stuðningi við K-listann, með því að atkvæði hans sé dautt því svo er ekki. Því fleiri atkvæði sem koma á K-listann því háværari verður verður krafan um raunverulega verkalýðsstefnu í öllum málum en engar auðvaldslausnir eins og annars verður ef K-listinn fær fá atkvæði.

Við verðum því enn að herða okkur fram að kosningum. Ef félagshyggjan á að bera sigurorð af einstaklingshyggjunni, gróðasjónarmiðum auðstéttarinnar.

framhald af síðu 9

Viðtal við Kristján Guðlaugsson

„Lýðskrum Alþýðubandalagsins miðar að því að hindra vinstri þróunina"

Inntak Alþýðubandalagsstefnunnar er. Og út af fyrir sig, held ég að "ofurstirnið" Ólafur R. Grímsson og hrossakaupin um þingsætin innan Alþýðubandalagsforystunnar afhjúpi spillinguna og klíkuskapinn sem ræður þar ríkjum. Ég hvet allt ungt fólk til þess að snúa baki við þessum starfsaðferðum og sýna fyrirlitningu sína á hægri-klíkunni innan Alþýðubandalagsins með því að kjósa Kommúnistaflokkinn þann 25. júní. Kommúnistaflokkurinn hefur náttúrulega mjög erfiða aðstöðu, þar sem hann er útilokaður frá þátttöku í kosningaumræðum, en ég vona að ungt fólk fylki sér samt sem áður um hann, þegar til kemur.

Viðtal Stéttabaráttunnar:

Rætt við Guðna Guðnason og Helga Jónsson



Guðni Guðnason t.v. skipar 23. sæti á framboðslista Kommúnistaflokksins og Helgi Jónsson Báðir voru þeir félagar í Sósíalistaflokknum og hafa starfað lengi í sveit sósíalista.

Þeir hafa báðir verið um langan tíma virkir þátttakendur í sósíalískri hreyfingu á Íslandi, félagar í Sósíalistaflokknum og ötulir baráttumenn gegn kratískri þróun hans. Þeir hafa frá mörgu að segja bæði frá fyrri tíð og baráttunni í dag. Skoðanir þeirra endurspegla viðhorf þeirra sem álíta Alþýðubandalagið ekki líklegt til stórræða, með öllum sínum prófessorum og lektorum. Þeir verða stöðugt fleiri sem telja starfskröftum sínum betur borgið með vinnu í þágu uppbyggingar róttækrar verkalýðshreyfingar. Þeir félagar, Guðni og Helgi, benda á mikilvægi þess í viðtalinu við Stéttbaráttuna.

Stb: Nú er það sagt að það skipti máli hvað flokkar geri við það traust sem almenningur veitir þeim í kosningum. Hvað tákna úrslit bæjar- og sveitastjórnakosninganna fyrir almenning, er þetta sigur fyrir launafólk eða breyta úrslitin litlu um framkvæmd mála í Reykjavík? Verða miklar breytingar?

Helgi: Ég veit ekki hvort þetta táknar miklar breytingar, en ég tel þetta fyrst og fremst vera ósigur fyrir óþjóðlega stjórnunarstefnu íhaldsins. T. d. þá stefnu að leggja niður ríkisfyrirtæki og koma öllu í einkarekstur, eins og þeir hafa sýnt lit á. Þetta og margt fleira sýnir að stefna stjórnarinnar er mikið í anda gömlu íhaldsstefnunnar. Það er þessi stefna sem fólk hefur hafnað. Þessa stefnu hefur Framsókn líka stutt og fær því sama dóm.

Stb: Er hægt að segja að úrslit kosninganna séu ósigur fyrirhugmyndir einkaframtaksins?

Helgi: Það má túlka þetta á margan hátt og auðvitað er það margt sem hjálpast að. Hverju úrslitin breyta fer mest eftir fólkinu sjálfu. Við getum aldrei búist við að stjórnir geri meira en það sem alþýðan krefst hverju sinni. Hvort sem hún heitir vinstri eða hægri stjórn.

Stb: Nú benda úrslit bæjar- og sveitastjórnakosninganna í ákveðna átt, er þetta til vinstri, eða mótmæli við vinnubrögð ríkisvaldsins?

Guðni: Ég held að þetta séu mótmæli við stefnu hægri flokkanna og ríkisstjórnarinnar. Ég er ekki viss um að þetta tákni neina vinstri sveiflu útaf fyrir sig. Ég held að þetta séu fyrst og fremst mótmæli við stjórnarstefnu, sem hefur verið ríkjandi og ótti almennings við þjóðfélagsástand sem það sættir sig ekki við, og treystir ríkisstjórninni ekki til að ráða við. Þá fyrst og fremst verðbólguna.

Stb: Jafnvel hættu á atvinnuleysi?

Guðni: Já, hættan á atvinnuleysi og eins það að almenningur hefur áttað sig á því að verðbólgan hefur dregið auðinn ennþá meir saman í fáar hendur. Það eru tiltölulega fáir sem hafa getað nýtt sér verðbólguna. Almenningur hefur ekki getað þetta og þeir sem hafa reynt það af launamönnum, hafa komist í ógöngur. Launamenn hafa séð fram á það að ef þessi þensla heldur áfram, þá eru það þeir sem á endanum munu tapa.

Stb: Var ekki kosið um borgarmál hér í Reykjavík eins og haldið hefur verið fram?

Guðni: Ekki vil ég segja það að ekki hafi verið kosið um borgarmálefni, ég held að óánægja með íhaldsstjórn í borginni hafi verið orðin gífurlega mikil og komin langt inn í þeirra eigin raðir og það hafi jafnvel ráðið úrslitum um það að þessi sveifla varð svona mikil í Reykjavík.

Helgi: Nú var þetta ekki bara hér í borginni heldur víðast um landið.



"Sjálfstæði þjóðarinnar á ekki að velta á vopnum stórþjóðar."

Guðni: Jú það er alveg rétt, en íhaldinu í Reykjavík hefur venjulega tekist miklu betur að verjast áföllum og halda saman fylginu, en það hefur sýnilega misst tökin á sínu valdakerfi.

Stb: Nú hafa undanfarið orðið töluverðar breytingar og átök í forystuliði Sjálfstæðisflokksins. Prófkjör og annað því um líkt og mikil átök. Hefur þetta ekki einhver áhrif á kosningarvél flokksins. Er hún eins sterk eins og æskilegt væri eftir slík átök?

Guðni: Ég skal ekki segja. Ég þekki þetta apparat þeirra ekki svo náið, alla vega ekki innviði þess. En vissulega gæti maður hugsað það að þeim hefði ekki gengið eins vel þess vegna.

Stb: Er líklegt að hún starfi betur í alþingiskosningunum?

Guðni: Ég efast um að þeim takist að rétta þetta við á þeim stutta tíma sem er fram að alþingiskosningum.

Helgi: Mér fannst nokkuð hlálegt að sjá Geir reyna að réttlæta verk sín með aðstoð tveggja kvenna í sjónvarpinu um daginn. Sjálfstæðisflokkurinn á enga foringja í dag. Heldur þú að Ólafur Thors hefði ekki farið betur með hlutverkið?

Guðni: Já, sjálfsagt hefði hann ekki þurft á aðstoð tveggja ungra stúlkna að halda. Og ekki þurft að fara á æfingu í miðstöðinni í leikbrögðum til að geta komið sínum viðhorfum á framfæri.

Hver verða úrslit alþingiskosninganna?

Stb: Ef við snúum okkur meir að alþingiskosningunum. Úrslit alþingiskosninga sem væru svipuð eða jafnvel verri fyrir stjórnarflokkanna. Benda þau ekki til nýrrar vinstristjórnar?

Guðni: Það skildi maður ætla og fólkið sé að krefjast þess. En það eru afturhaldsöfl sem eru að eflast og þau munu sitja meðan sætt er.

Stb: Meinarðu að þó þingstyrkur Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins minnki þá sitji þeir áfram?

Guðni: Já, það gæti allt eins farið svo.

Stb: Helgi hvað segir þú um þetta. Situr stjórnin áfram þrátt fyrir eitthvert fylgistap. Eða fer hún frá og kennir verkalýðshreyfingunni um að hún hafi sett fram svo miklar kröfur að það hafi fellt stjórnina.

Helgi: Ég held að skuldinni hafi verið skellt á Framsókn. og stjórnin sé í raun dauðadæmd. Það tapa allir flokkar á að vera í stjórnarsamstarfi með Sjálfstæðisflokknum.

Stb: Var ekki sósíalistaflokkurinn eitt sinn í stjórn með Sjálfstæðisflokknum og hver var reynslan af því?

Guðni: Jú. Og eftir það var hann ekki til sem sósíalískur flokkur, ekki raunverulega.

Helgi: Vinstri flokkur sem fer í svona samstarf hann fær skellinn af öllu sem gert er, hvað sem hann reynir. Það er miklu sterkara fyrir slíkan lítinn flokk að vera utan stjórnar og þrýsta á um aðgerðir.

Guðni: Það er ekkert sem getur haldið við vinstri fylginu annað en viðbrögð verkalýðsstéttarinnar. Ef hún er ekki vakandi og heldur uppi sínum kröfum og knýr forystuna til að fara eitthvað eftir því sem eru hagsmunir stéttarinnar. Þá er ekki til neitt hægri eða vinstri þá er það bara vald hinna fámenn flokksklíkna sem ræður.

Stb: Þú sagðir áðan, Guðni, að Sósíalistaflokkurinn hafi ekki verið til sem róttækur flokkur eftir stjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokknum.

Guðni: Flokkurinn þoldi ekki að missa sitt hlutverk í forystu verkalýðsstéttarinnar. Flokkurinn hneigðist til mjög borgaralegra viðhorfa.

Helgi: Þá fóru þeir að leita í auknu mæli eftir tímabundnum vinsældum. Fá vinsæla menn á lista og slíkt. Það var upp úr þessu sem farið er að taka upp algjöra hægri stefnu og stefnan útþynnt til að fá meira fylgi.

Stríðið breytti þessu algerlega

Stb: Nú er þessi stefna eitt aðaleinkenni Alþýðubandalagsins í dag. Eru þeir líklegri til stórræða í baráttu verkalýðshreyfingarinnar?

Guðni: Stefna Alþýðubandalagsins er ekki mjög ljós. Hún er fyrst og fremst og raunar bara borgaraleg vinstri stefna í besta falli - kratísk í eðli sínu. Við höfum leifar af gömlum krataflokki sem hefur dagað uppi, þar sem Alþýðuflokkurinn er. Ég álít að fólk kjósi fremur yngri krataflokkinn Alþýðubandalagið. Það er raunar sá eini valkostur sem fólk hefur haft. Það hefur ekkert verið annað að fara. En það er ekki vegna trausts á flokknum. Heldur er þetta skásti kosturinn sem fólk hefur haft úr að velja í andófi við íhaldsöflin.

Stb: Er fólk minna róttækt nú en fyrr á dögum, t.d. á dögum sósíalistaflokksins?

Guðni: Stríðið breytti þessu gjörsamlega. Fyrir stríð vissu verkamenn betur í hverslags þjóðfélagi þeir bjuggu. Þeir væntu sér einskis góðs af íhaldsöflunum. Ísland er í dag tvímælalaust neysluþjóðfélag en það hefur ruglað dómgreind verkalýðssins. Þetta hefur firrt fólk öllu mati á verðmætum.

Helgi: Ásamt verðbólgunni hefur þetta haft þessi áhrif. Allt það sem vinnst í kjarabaráttunni er tekið aftur í verðbólgunni. Þetta brenglar alla heilbrigða skynsemi og mat á þjóðfélagsveruleikanum.

Stb: Hverra verkefni er að breyta þessu?

Guðni: Sú félagslega og pólitíska fræðsla sem veitt var áður hjá Kommúnistaflokknum og síðan Sósíalistaflokknum hún stóð mikið nær verkamönnunum. Þetta var í raun hæfara og sannara mat á verðmætum , afstöðu verkamannsins til atvinnurekenda og ríkisvaldsins.

Helgi: Það eru líka fleiri atriði sem áttu mikinn þátt í að móta hug í verkamanna, en það voru hin róttæku skáld og listamenn sem komu fram með þessari hreyfingu.

Stb: Hnignunin hefur að ykkar mati orðið mikil bæði hvað varðar flokkinn og afstöðu almennings í kjölfar þess. Það er kannske hægt að segja að þótt Alþýðuflokkurinn hafi

tapað fylgi þá hafi stefna hans unnið?

Guðni: Já, það er rétt. Það munar mjög litlu hér orðið og á kratafylginu á hinum norðurlöndunum. Það er fyrst og fremst togast á um hið kratíska fylgi milli þriggja flokka hér - það er nánast eini munurinn.

Helgi: Ég held að krataþróunin verði fyrr hér á landi , og Hermannsson hafi verið lærisveinn Einars Olgeirssonar.

Guðni: Ég er í engum vafa um það hvenær þetta byrjar hér á landi. Það er með sameiningu KFÍ við hluta Alþýðuflokksins 1938. Öll pólitísk meðvitund var færð niður og beið þess aldrei bætur. Á fyrstu fundunum eftir að þetta gerðist var barin niður hver einasta óánægjurödd kommúnista. Gjörsamlega slegin niður. Það voru hótanir um brottrekstur við minnstu andóf kommúnista. Kommúnistarnir áttu að þegja til að hafa kratana góða. Þannig hefur þetta verið æ síðan.

Helgi: Það voru margir kommúnistar sem aldrei gengu í Sósíalistaflokkinn vegna þessa. Ég hef freistast til að kalla þetta haltu-kjafti-pólitík og hlíddu-blint. Það var eins og þyrfti að drepa andstöðuna áður en hægt var að mæla hana málum. Þetta var sjónarmið forystunnar.

Guðni: Síðan hélt þessi þróun áfram. Það má segja að andóf Sósíalistafélags Reykjavíkur hafi verið síðustu mótmælin. Þegar þeir mótmæltu að Alb. yrði stofnað sem stjórnmálaflokkur. Það var síðan svikið inn í Alb.

Helgi: Þessa sögu væri vert að rifja upp þó ekki hér. T.d. hvernig markvist var grafið undan SR á tímabilinu 1956-68. Á sama tíma var starfi Málfundafélags jafnaðarmanna beinlínis haldið uppi. Sósíalistaflokkurinn studdi jafnvel blaðaútgáfu þeirra. Hannibal sat t.d. fundi Sósíalistaflokksins á þessum tíma. Hann og stuðningsmenn hans höfðu gjarnan þann vana að fara að rápa um salinn þegar Brynjólfur Bjarnason var að tala og reyndu að trufla málflutning vinstra liðsins. Á þessum tíma var verkalýðshreyfinginn látin sitja á hakanum, en allt kapp lagt á þingsæta baráttu.

Stb: Hafði Sósíalistaflokkurinn eitthvert skipulag á vinnustöðum eða í verkalýðsfélögunum, sellur eða lið?

Helgi: Lítið á vinnustöðum, en þó eitthvað innan einstakra verkalýðsfélaga. Ég man ekki eftir nema einum liðsfundi í mínu verkalýðsfélagi, járniðnaðarmannafélaginu. Hann var kallaður saman vegna verkfalls sem varð í Héðni.

Stb: Teljið þið að Alb. se verkalýðsflokkur sem byggi upp pólitíska vitund verkalýðsstéttarinnar.

Helgi: Ég held að kosningar þurfi ekki ævinlega að vera mælikvarði á pólitíska vitund fólks. Þó fólk kjósi Alb. þýðir það samt ekki að fólk sé ánægt með pólitík Alb. Síður en svo.

Guðni: Forysta Alb. vanrækir fræðikenninguna og því getur hun auðvitað ekki miðlað henni til verkalýðsins. Hún getur því ekki skilið glöggt á milli hvar um er að ræða baráttu við höfuðfjandmanninn og hvar ekki. Þetta er auðvitað mikilvægast fyrir verkafólk að vita og ætti að vera aðal verkefni flokksins að skýra út, en það gerir hann ekki. Verkalýðsstéttin er sér því ekki meðvitandi um það að hún verður að krefjast síns réttar t.d. í kjarabaráttunni. Þessi meðvitund var miklu sterkari á milli áranna 1930-40 en hefur sljóvgast æ síðan. Alb. verður ekki til að endurverkja hana.

Helgi: Þekkingin er ekki bara bein reynsla hún er líka rannsóknir og mat á ástandi hvers tíma.

Guðni: Það verður að meta og endurmeta ástandið á hverjum tíma og þetta er forystunni skylt að gera ef hún vill kalla sig sósíalíska. Þetta verður hún að gera annars færir hún aðeins út borgaralega fánýta hugsun.

Framboð Kommúnistaflokksins

Stb: Hvert er ykkar mat á framboðstilraunum Kommúnistaflokksins nú í alþingiskosningunum?

Helgi: Það hlaut að koma að því það kæmi framboð vinstra megin við Alb. Þeir hafa alltaf verið að leita eftir félagi hægra megin. Það er alltaf á leiðinni til hægri í pólitíkinni. Það verður því bil vinstra megin. Mér finnst þó ákaflega slæmt að þessi samtök vinstra megin skuli ekki hafa getað staðið saman að framboði. Þó að það sé einhver ágreiningur þá getur það ekki verið mikilvægara en það að koma höfuðatriðunum á framfæri.

Guðni: Mér finnst framboð KFÍ/ml mjög eðlilegt og reyndar sjálfsagt. Það er ekki eftir neinu að bíða. Hvort að fylgið í dag er meira eða minna er ekki það sem skiptir mestu. Það verður að hefjast handa.

Stb: Haldið þið að jafn róttæk stefna og KFÍ ml hefur eigi fylgi í kosningum?

Helgi: Ég álít að kommúnistar eigi fylgi langt inn í raðir andstæðinganna, borgaralegu flokkanna. Það er reynt að gera kommúnistaflokka ógnvekjandi af ýmsum öflum. Eins og að þeir banni trúarbrögð þo þeir geri ekki annað en að koma á jafnvægi milli trúarbragða með því að leggja niður ríkisrekstur á einum sér stökum trúarbrögðum. Þeir koma á trúfrelsi en eru þá sagðir banna trú. Gegn þessum og öðrum áróðri er erfitt að berjast. En ég held að kommúnistaflokkur geti vel átt fylgi.

Ég er aftur ekki sammála því að byltingin þurfi að vera vopnuð. Það verður að meta sérstöðu Íslands sem vopnlauss ríkis. Íslendingar eiga hér einmitt forskot þar sem þeir eru vopnlausir. Ég held að það sé ekki rétt að gera ráð fyrir að hér verði barist með vopnum nútímans.

Guðni: Ég er ekki viss um að afstaða til einkamála fólks eigi nokkurn rétt á sér hjá kommúnistískum flokki. Persónuleg afstaða til trúarbragða mótar stundum afstöðu til þjóðfélagsmála, en þrátt fyrir það þá tel ég ekki ástæðu til þess að kommúnistaflokkur hafi afskipti af þessum málum. Og alls ekki á oddinum sem taktík. Skipulögð ríkistrú er allt annað. Þarna verður að greina glöggt á milli trúfélaga og ríkisrekinna trúfélaga. Það er ekki verið að banna trúarbrögð þó ríkisstyrkurinn sé tekinn af. Kirkjan hefur mikið vald og misnotar nær alltaf sín völd. Þess vegna er nauðsynlegt að snúast gegn þessum neikvæðu hlutum hjá kirkjunni sem slíkri.

Stb: Hvernig verður komið á sósialisma ef við útilokum valdbeitingu?

Guðni: Ég er kannski ekki alveg á sama máli og Helgi um valdbeitingu, eða vill leggja aðrar áherslur þar á. Við ráðum ekki nema að litlu leyti hvert ástandið er á hverjum tíma og hvaða taktík á að beita. Það fer eftir þróun í málum verkalýðsins hvort hann telur sér nauðsynlegt að bylta af sér okinu og þá mætir hann að sjálfsögðu ríkisvaldinu, vopnuðu. Engin vissa er fyrir því að ef þeir dagar komi að íslensk verkalýðsstétt rísi upp sér meðvitandi um að hún ætli að byggja nýtt þjóðfélag, þá gerir hún það ekki nema með byltingu. Ef hún á slíkum tímum sæi fram á að hún næði ekki sínu ætlunarverki nema með vopnum þá ætti hún að sjálfsögðu að beita þeim.

Stb: Framboð KFÍ m-l,er það á einhvern hátt í ósamræmi við stefnu kommúnista um að það verði að breyta þjóðfélaginu grundvallarlega?

Helgi: Síður en svo, þetta er löngu afgreitt mál. Það verður að nota öll tækifæri sem gefast til að koma viðhorfum verkalýðsstéttarinnar fram.

Stb: Ef við gefum okkur það að kommúnisti væri á alþingi hver væru verkefni hans. Ekki ætti hann eingöngu að tala um að það bæri að afnema þingið?

Guðni: Það liggur ekki einu sinni fyrir. Það er alls ekki á dagskrá. Það eru allt önnur öfl sem ákveða það hvað gert verður við þingið. Það er byltingin sjálf sem ákveður það. Kommúnisti á þingi á að vera talsmaður á alþingi fyrir þau málefni sem koma fólkinu að haldi og halda þar upp áróðri fyrir stefnu síns flokks, sem áróðurstæki getur þetta verið til mikils gagns.

Helgi: Það er líka mjög mikilvægt að kommúnisti beiti sér í sambandi við varnarmálin og sjálfstæðismál þjóðarinnar. Sjálfstæði þjóðarinnar á ekki að velta á vopnum stórþjóðar.


"Það er byltingin sjálf sem ákveður hvað gert verður við þingið."

"Framboð Kommúnistaflokksins er mjög eðlilegt og reyndar sjálfsagt. Það er ekki eftir neinu að bíða. Hvort að fylgið í dag er meira eða minna er ekki það sem skiptir mestu. Það verður að hefjast handa".

"Krataþróunin byrjaði með sameiningu Kommúnistaflokks Íslands við hluta Alþýðuflokks 1938".

"Stefna Alþýðubandalagsins er borgaraleg vinstri stefna í besta falli - kratísk í eðli sínu".

"Verðbólgan hefur dregið auðinn enn þá meir saman í fáar hendur".

"Mikilvægt að byggja upp róttæka verkalýðshreyfingu".

"Ríkisstjórn gerir aldrei meira en alþýðan krefst hverju sinni. Hvort sem hún heitir hægri eða vinstri stjórn".

"Kommúnistar eiga fylgi langt inn í raðir andstæðinganna, borgaralegu flokkanna".


Í tilefni flokkakynningar

Dansvísa
(með trúarlegu ívafi)

Hann var stirðmæltur
ráðherrann
er hann söng
fyrir dansinum,
sló klaufalega
taktinn og
reyndi að muna
hvað hann
átti að segja.

Þó mátti skilja
að alþýðan
ætti að
dansa kringum gullkálfinn
og
kjósa hann.

Helgi Jónsson


Margrét Einarsdóttir tók viðtalið ásamt Gunnari Andréssyni.

Dagsbrún:

Opið bréf til Guðmundar J. og Eðvarðs

„Hver er hræsnari og hver ekki"

Eðvarð Sigurðsson og Guðmundur J Guðmundsson, hafa undanfarnar vikur veist að þeim Dagsbrúnarmönnum er vilja að lög séu haldin í félaginu. Tilefnið er að þeir félagar voru kærðir til miðstjórnar ASÍ vegna þess að aðalfundur hefur enn ekki verið haldinn í félaginu. Í Alþýðublaðinu 10. júní fullyrðir Eðvarð að ~~seinnkv~~ seinkun fundarins sé vegna þess að tekin hafi verið upp breytt aðferð

við innheimtu félagsgjalda í ársbyrjun 1977, og yfirlit yfir greidd félagsgjöld fyrir það ár sé einhverstaðar í tölvukerfi bankanna.

Það var nú aldeilis ágætt að Eðvarð reynir að afsaka lagabrot vegna aðalfundarinns, með því að nota þá röksemd að hann hafi ekki yfirlit yfir félagsgjöld sem greidd voru árið 1977. Ástæðan er sú að þegar verkamenn í Dagsbrún komu fram með mótframboð 144 félagsmanna í janúar í vetur, dæmdi Eðvarð Sig. formaður þriggja manna kjörnefndar framboðið ólöglegt á þeirri forsendu að margir verkamenn skulduðu smávægilega í félagsgjöld fyrir síðasta ár.

Það er rétt að það var tekin upp ný aðferð við innheimtu félagsgjalda í ársbyrjun 1977, og Eðvarð segir að stjórnin hafi ekki yfirlit yfir það ár.

Hvernig var þá hægt að dæma mótframboðið í janúar í vetur ólöglegt ?

Þeir segja sjálfir að þeir hafi ekki yfirlit yfir greidd félagsgjöld árið 1977. Höfðu þeir það yfirlit í janúar í vetur ?

Hér er Eðvarð Sigurðsson

kominn í alvarlega mótsögn við sjálfan sig, og væri betur að hann reyndi að upplýsa hvað er rétt og hvað ekki.

Hann mætti líka upplýsa Dagsbrúnarmenn um það, hvers vegna miðstjórn Alþýðusambandsins er hann á sæti í hefur ekki svarað kæru bréfi þeirra er stóðu að mótframboðinu er sent var til miðstjórnarinnar í byrjun febrúar. Þar kærðum við úrskurð kjörstjórnar Dagsbrúnar sem hann er formaður fyrir, því þar voru 28 verkamenn er margir hverjir hafa verið áratugi í félaginu sviptir félagsréttindum til að mæla með framboði í félaginu Já, það er margt óhreint í pokahorninu sem þeir Eðvarð og Guðmundur mættu upplýsa.

Varðandi afstöðu Guðmundar J Guðmundssonar formanns Verkamannasambandsins vegna kærubréfs okkar Benedikts og Sigurðar, höfum við þetta að segja.

Persónulegt skítkast þitt í okkar garð, ber aðeins vitni um málefnalegan geldingshátt er þeir einir beita sem rúnir eru trausti og viðingu sinna félagsmanna. Svona skítkast sem þú viðhefur er verkalýðshreyfingunni ekki sæmandi .

Bæði þú og Eðvarð hafa sagt það frammi fyrir alþjóð í sjónvarpi og blöðum, að þið vilduð gera verkalýðshreyfinguna lýðræðislega svo að hinn almenni félagsmaður taki virkan þátt í ákvörðunum

Á þingi Verkamannasambandsins er við Sigurður Jón og Benedikt Kristjánsson sátum sem fulltrúar Dagsbrúnar, var samþykkt að forystumenn verkalýðsfélagana ættu að halda fundi á vinnustöðum, til þess að verkamenn hefðu tækifæri til þess að ræða kjarakröfur og ákvarðanir í aðgerðum verkalýðshreyfingarinnar.
(Þessi ályktun er birt hér í opnunni.)

Stjórn Dagsbrúnar hefur nú hálfum sjöunda mánuði síðar ekki séð ástæðu til þess að halda svo mikið sem einn



fund á vinnustað með verkamönnum.

Á tæpum átta mánuðum , hefur aðeins verið haldinn einn félagsfundur í Dagsbrún og var hann aðeins um eitt mál, öflun heimildar til vinnustöðvunar. Þrátt fyrir heiftarlegar árásir ríkisvalds atvinnurekenda á kjör okkar verkamanna, hafa Eðvarð og Guðmundur ekki séð ástæðu til þess að halda fundi í félaginu á sama tíma og Dagsbrún tekur mikilvægar ákvarðanir um aðgerðir. Verkamenn í Dagsbrún hafa því ekki haft nein tækifæri á því að segja álit sitt á útflutnings banninu er rann út í sandinn vegna undanþága og upphlaups hugmyndum um eftirvinnubann. Er þetta lýðræði eða hvað ?

Þrátt fyrir að fjölmennur félagsfundur í Iðnó, 21 nóv. árið 1976 hafi samþykkt að Dagsbrún gæfi út félagsblað er kæmi reglulega út og opið væri verkamönnum í félaginu, hefur aðeins komið út eitt blað laust eftir tilraun nokkurra verkamanna í janúar í vetur til að bjóða fram í félaginu, Þetta blað var engum opið öðrum en þeim sem sitja í stjórn félagsins, enda réðist Eðvarð Sigurðsson þar á þá menn er stóðu að mótframboðinu. Ekki var við það komandi af hálfu Eðvarðs að gefa út annað eintak þar sem við er að mótframboðinu stóðum fengjum að svara fyrir okkur

Hvað eftir annað hefur Eðvarð Sigurðsson brotið lög og fundarsköp Dagsbrúnar, með því að neita fundarmönnum um lýðræðislega atkvæðagreiðslu um þær tillögur er hann er ósammála. Nægir þar að nefna þann fund er haldinn var fyrir síðustu samninga, en það neitaði Eðvarð að bera upp tillögu verkamanna er gekk lengst allra tillagna um kjaramálin, þar sem megin krafan var " Vísitölutryggð og lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku " eða 150 þúsund krónur á mánuði í júní í fyrra fyrir dagvinnu.

Lög félagsins um aðalfund og undirskrift reikninga félagsins hafa verið brotin árum saman.

Það er frá miklu meiru að segja, en við skulum láta þetta nægja að sinni, og getur nú hver sem vill dæmt um það hver er hræsnari og hver ekki, eins og Guðmundur J segir okkur undirritaða Dagsbrúnarmenn vera.

Sigurður Jón Ólafssson og
Benedikt Sig. Kristjánsson.

xK

Eðvarð Sigurðsson og félagar berjast gegn því að ungt verkafólk fái einhverja félagslega fræðslu. Við höfum þá sérstöðu að njóta lítils skólanáms.

Frá 8. þingi VMSI

Um leið og 8. þing Verkamannasambandsins áréttar nauðsyn þess að heildarsamtök verkalýðshreyfingarinnar og önnur samtök launafólks snúist sameiginlega gegn öllum tilraunum ríkisvaldsins og atvinnurekenda til að skerða árangur nýgerðra kjarasamninga áréttar þingið nauðsyn þess, að Verkamannasambandið hefji nú þegar undirbúning að næstu samningagerð.

Í þessu skyni felur þingið stjórn sambandsins að sinna eftirtöldum verkefnum:


1) Að taka upp sem nánast samband við aðildarfélaögin og hvetja þau til að hefja sem fyrst umræður á vinnustöðunum og félagsfundum um kröfur og vinnubrögð í næstu samningum. Þannig sé reynt að tryggja að málin hafi verið vel undirbúin í félögunum fyrir kjaramálaráðstefnuna. Sambandsstjórn aðstoði félög í þessum störfum sé þess óskað.

2) Að vinna að ítarlegri skyrslugerð sem með samanburði leiði í ljós mismunandi kjara og réttindastöðu ýmissa hópa launafólks og skapi þannig grundvöll að ítarlegri álitsgerð um stöðu almenns verkafólks á vinnumarkaðinum.

3) Að senda upp úr miðju næsta ári aðildarfélögum sambandsins kjarna slíkrar álitsgerðar ásamt hugmyndum um næstu áherslu atriði kjarabaráttunnar.

4) Að efna til sérstakrar kjaramálaráðstefnu Verkamannasambandsins ekki síðar en um miðjan október 1978 þar sem mótuð verði meginafstaða sambandsins í næstu kjarasamningum.

5) Að eiga viðræður við forystumenn annarra landssamtaka um hugsanlega samstöðu þessara samtaka í næstu kjarasamningum og skapa þannig grundvöll að mati væntanlegrar kjaramálaráðstefnu Verkamannasambandsins.



Þetta er hús Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Sjómannafélags Reykjavíkur. Það er aðeins til afnota fyrir stjórnir þessara félaga auk aðila sem leigja þar. Væri ekki betur, ef verkamenn og sjómenn hefðu einhverja aðstöðu í húsinu t.d. til fræðslustarfs og félagsstarfs.

Stjórnin er fulltrúi íhaldsstefnu

Stjórnin er að styðja það íhaldssama auðvaldsþjóðfélag er við höldum uppi með okkar vinnu, með því að gera allt sem hún mögulega getur til að halda Dagsbrún dauðri. Með því að berjast gegn því að frumkvæði og virkni verkamanna fái að njóta sín, og sitja í stjórnum verkalýðsfélaga með Sjálfstæðisflokknum, er aðeins verið að styðja við hægri þróun í verkalýðshreyfingunni. Þetta eru þær sömu starfsaðferðir sem Alþýðuflokkurinn beitti, hér á árunum áður þegar stéttabarátta verkalýðssins var sem hörðust og Kommúnistaflokkurinn gamli var að vaxa úr grasi.



Guðmundur J Guðmundsson

Það er engin furða að allir róttækustu verkamennirnir í Dagsbrún eru komnir í hatramma andstöðu við Alþýðubandalags verkalýðsforingjana er stjórna Dagsbrún.
Baráttuhópur Dagsbrúnarmanna ætlar sér í rás tímans að gera verkalýðsfélagið að baráttutæki, gagnstætt því sem það er nú í höndunum á Eðvarð og Guðmundi J. Við ætlum okkur að færa skipulag félagsins til þess vegar, að mikilvægustu ákvarðanirnar um kjara og samningamálin verði teknar af verkamönnum vinnustaðanna. Vinnustaðirnir eru grunneiningar verkalýðsfélaganna, og verkafólk verður aldrei fært að breyta þessu arðránsskipulagi er við búum við nema ákvarðanir verkalýðsfélaganna séu sameign fjöldans.
Þetta ættu allir sósíalistar að íhuga vel, og spyrja sjálfa sig



Eðvarð Sigurðsson

hvort þeir telji að Eðvarð og félagar hans í Alþýðubandalaginu, stefni að því að koma á réttlátu og lýðræðislegu skipulagi í verkalýðshreyfingunni og þjóðfélaginu öllu.

Þrátt fyrir að Eðvarð og félagar hans í stjórn Dagsbrúnar hafi ónýtt framboð er þeir fengu gegn sér í janúar í vetur hefur það ekki orðið til þess að draga kjark úr mönnum. Ólýðræðislegar aðferðir



Sigurður Jón Ólafsson
1 maður á lista mótfr.

þeirra hafa aðeins orðið til þess að þjappa baráttumönnunum saman, enda mun verða boðið fram í félaginu á næsta ári.
Með því að Dagsbrúnarmenn taki sig saman um að fella frá völdum hina íhaldssömu Dagsbrúnarstjórn, er brotið blað, ekki einungis í verkalýðsbaráttunni heldur og pólitísku baráttunni. Veldi stjórnar Dagsbrúnar er það miklu víðtækara en svo fáir menn ættu að hafa.
En staðreyndin er þó sú að völd þeirra Eðvarðs, Guðmundar og Halldórs Björnssonar byggja á styrkleika þeirra í verkalýðshreyfingunni og þá sérstaklega í Dagsbrún. Dagsbrúnarstjórninni er það fullvel ljóst að falli veldi hennar innan Dagsbrúnar þá táknar það hrun niður eftir öllum bitlinga-og metorðastiga samtryggingarkerfis þingflokkanna. Verði það



Ólafur Vilbertsson
2 maður á lista mótfr.

opinbert í lýðræðislegum stjórnarkosningum hversu lítið fylgi stjórn Dagsbrúnar í rauninni hefur, þá upplýsast um leið svikin, ólýðræðið og lýðskrum þessara forystumanna. Þeir hafa í trausti þess að baráttusinnar úr röðum alþýðunnar hafa ekki áróðursmátt til jafns við þá, traðkað á vilja, samþykktum og starfi félagsmanna í Dagsbrún. Síðan koma þessir menn fram í fjölmiðlum með hátíðlegt tal um lýðræði og að starf verkalýðsfélagsins verði að byggja á virkni almennra félaga.
Störf stjórnar Dagsbrúnar fyrir félagsmenn er í algjöru lágmarki. Hún sinnir mun meira ýmsum ýmsum bitlingastöðum en félagsstörfunum.
Nú hefur Guðmundur J. einnig



Benedikt Sig. Kristjánsson
3 maður á lista mótfr.

boðið sig fram til alþingiskosninga fyrir Alþýðubandalagið. Sýnir það vel hversu mikils sá metorðastritari metur störf sín fyrir félagsmenn í Dagsbrún. Dagsbrúnarmenn fellum íhaldsstjórnina í verkalýðsfélaginu okkar.

Jákvæður árangur af mótframboðinu, Þrátt fyrir valdníðslu kjörstjórnar

Skólinn í Kína

ÞRIÐJA GREIN

Greinarnar um skólann hafa verið gagnrýndar fyrir það að ekki komi nógu skýrt fram hve áhrif fjórmenningana voru. Einkum hve mikil þau voru og hvernig þeir náðu völdum. Þetta er réttmæt gagnrýni. Eðlilegra hefði verið að hefja greinarskrifin frá Kína á greinum um fjórmenningana. Úr því sem komið er, verður varla fært annað en að ljúka greinaflokknum um skólann, en taka síðan upp fjórmenningana.
Í þessari grein átti að greina frá innra starfi skólans og frá 100 daga stríðinu í háskóla Peking. Áður skulum við skoða fjórmenningana aðeins nánar.

Völd fjórmenninganna.

Völd fjórmenninganna voru geysimikil. Þeir voru hæstráðendur í Sjanghæ og allir helstu fjölmiðlar voru undir þeirra stjórn.
Aðstöðu sína notuðu þeir til að koma fram hugmyndum sínum og falsa fyrirskipanir flokksins. Allir fjórmenningarnir áttu sæti í framkvæmdanefnd miðstjórnar flokksins.
Borgarablöð vesturlanda gera gjarnan grín að baráttunni gegn fjórmenningunum. "Vestrænir sérfræðingar í málefnum Kína", eins og þeir heita á máli gagnbyltingarsinnaðra Þjóðvilja- og Moggamanna um allan heim, setja þetta þannig fram að helst megi skilja að fjórmenningarnir hefðu allt illt gert í eigin persónu. Sannleikurinn er hins vegar sá að þeir eru foringjar gagnbyltingartilraunar í Kína. Áhangendur þeirra voru margir og enn fleiri urðu fyrir tímabundnum áhrifum af pólitík þeirra. En með tíð og tíma einangruðust þeir frá fjöldanum, því stefna þeirra var andstæð hagsmunum fjöldans. Þess vegna var fjöldinn orðinn andsnúinn þeim; þess vegna hreyfði enginn hönd né fót þeim til varnar þegar þeir voru handteknir.
Stefna þeirra var að skapa ringulreið í þjóðfélaginu; stöðva framleiðslu, skemma menntakerfið o.s.frv. Síðan ætluðu þeir að "bjarga málunum". Þeim tilgangi þjónar sú kenning þeirra að það sé byltingarsinnað að stöðva framleiðslu, skemma verðmæti og fl. Fljótlega fann alþýðan að þessi stefna gróf undan lífskjörum hennar og kom í veg fyrir að hægt væri að hækka lifistandardinn. Þess vegna vildi fjöldinn láta stöðva fjórmenningana.

Þar sem fjórmenningunum og fylgjendum þeirra tókst ekki að koma málum fram með pólitískum kenningum eingöngu, gripu þeir til hryðjuverka, ofbeldis og morða. Þegar Máo sagði í menningarbyltingunni, að það ætti að heyja deilur með rökræðum, sækja með rökræðum, bættu fjórmenningarnir við að það ætti að verjast með vopnum.
Fjórmenningarnir lifðu í miklum munaði. Því náðu þeir ekki vegna hárra launa, heldur með því að nota aðstöðu sína. Wang Hung Weng t.d. var ósköp venjulegur framagosi, spilltur eins og borgaralegur metorðastritari.

100 daga stríðið.


Áður en lengra er haldið skulum við skoða þetta stríð. Það er einkennandi fyrir þær aðferðir sem notaðar voru til að bæla niður slíkar óeirðir. Hernum var aldrei beitt heldur mætti fjöldans. Einnig getur þetta dæmi gefið innsýn inn í það ástand sem ríkti um tíma.
Stúdentar við háskóla í Peking tóku þátt í menningarbyltingunni. Öfgar "vinstri"-stefnu áttu greiðan aðgang að þeim. Þeir gripu til vopna og tveir hópar mynduðust, 100 og 300 manna. Þeir hreiðruðu um sig í tveimur háskólabyggingum gegnt hvor annari og hófu skothríð á hvor annan.
Aðrir stúdentar fóru heim og öll kennsla lagðist niður.

Skotvopnin voru ýmist heima tilbúin eða stolin.
Nú hefði ekkert verið einfaldara en að senda herinn á vettvang og tæma byggingarnar á 5-10 mínútum. Kínverskir kommúnistar gera hins vegar greinarmun á móthverfu milli okkar og óvina og móthverfu innan alþýðunnar. Þetta flokkaðist undir það síðasta. Þá er beitt öðrum aðferðum.
Það fór ekki hjá því að fjöldinn tæki eftir þessu stríði stúdentanna og vildi binda endi á það. Þá gaf flokkurinn út áskorun í nafni Maó Tse-tung til verkamanna um að fara til háskólans og stöðva stríðið.



Tugir þúsunda verkamanna í Peking urðu við þessari áskorun og streymdu til háskólans. Stúdentarnir tóku á móti þeim með skotárás. Í staðinn umkringdu verkamennirnir byggingarnar. Þar með voru stúdentarnir lokaðir inni og engar vistir eða vopn komust til þeirra.
Hinir herskáu stúdentar voru þó ekki á þeim buxunum að gefast upp strax. Þegar gekk á vopnabirgðirnar og hungrið fór að sverfa að þeim, var stríðið að verða sjálfhætt. En þráuðust þeir þó við og neituðu að gefast upp.
Að lokum varð að samkomulagi við foringja minni hópsins að hann gæfist upp. Áður en það yrði krafðist foringi hópsins þess að fá einkaviðtal við Maó Tse-tung. Það var veitt og vopnahlé ríkti á meðan.
Hinn herskái foringi bjóst við að Maó tæki honum opnum örmum sem "afar byltingarsinnuðum". Enda höfðu fjórmenningarnir sagt að það væri byltingarsinnað að stöðva framleiðslu og kennslu og berjast óvæginni baráttu við "óvinina".
Það fór þó á annan veg. Hann fékk að vísu viðtal, eða öllu heldur tiltal. Þegar hann kom aftur til baka í háskólann gafst hópurinn upp skilyrðislaust. Stærri hópurinn gafst upp nokkru síðar, enda "óvinurinn" úr sögunni.
Og nú getum við spurt okkur eftirfarandi spurningar: Hvað hefði verið gert ef álíka atburður hefði gerst á vesturlöndum?
Við getum vitnað til atburða við Yale-háskóla í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum. Þá var þjóðvarðliði sigað á stúdenta sem voru óvopnaðir og nokkrir stúdentar drepnir.
Í hinu mjög svo alvarlega ástandi sem ríkti í Kína undir stjórn fjórmenninganna var hernum ekki beitt, heldur var afl fjöldans látið ráða úrslitum.
Vegna þrengsla í blaðinu, er nauðsynlegt að geyma niðurlag greinanna um skólann í Kína þar til í næsta blaði.

Gunnar Andrésson:



Góðir félagar!

Það má á mörgu merkja að nú stendur yfir kosningabarátta. Gömul loforð eru pússuð upp í nýjan eða gamlan búning. Loforð sem voru það sem fólkið kaus um í síðustu kosningum og kosningunum þar áður. Efndirnar urðu svo engar hjá flokkunum svo að nú er hægt að nota gömlu loforðin aftur í nýjum búningi. Gömlu flokkarnir eru svo rígbundnir í þennan loddaraskap að ekkert fær honum haggað.

Nýjasta dæmið um þetta eru borgarstjórnarkosningarnar hér í Reykjavík. Fyrir kosningarnar setti minnihlutinn fram kröfuna um að samningar verkalýðsfélaganna yrðu aftur settir í gildi. En eftir kosningarnar hefur Alþýðubandalagið fjöldann allan af skýringum á því hvers vegna þetta sé ekki hægt. Verkafólk kaus AB vegna þess að það lofaði fyrir kosningar að setja samningana aftur í gildi.

En eftir kosningarnar voru komnir nýir menn með aðrar hugmyndir. Alþýðubandalagsfulltrúarnir ætluðu ekki að halda loforð sín sem voru forsenda þess að þeir hlutu kosningu.

Lýðræðið er mikið í okkar þjóðfélagi er okkur sagt og hornsteinn þess er kosningarétturinn. Fjórða hvert ár er það fólkið sem velur stjórnarstefnuna í almennum kosningum. Flokkarnir leggja fram sína stefnu og fólkið vegur og metur hverja því líst best á eða svo er okkur sagt.

Hvernig passar nú dæmið um samningana í gildi inn í þessa lýsingu á lýðræðinu. Jú, fólkið valdi samningana í gildi en fólkið var aðeins við völd einn dag og eftir þann dag héldu samningarnir áfram að vera ekki í gildi hver sem ákvörðun fólksins hafði verið. Fólkið hafði tekið þátt í mikilli sýningu, þar sem ungir og aldnir loddarar blekktu lýðinn.

Sumir komu betur fyrir en aðrir enda lofuðu þeir meiru og svikin urðu líka stærri.

Völd fólksins voru að engu gerð, það sem fólkið valdi var svikið í annarri viku eftir kosningar. Þannig var komið fyrir hornstein lýðræðisins og í ljós var komið að í kosningunum eru ekki teknar ákvarðanir um þróun mála.

Endanleg ákvörðun var tekin af miklu fámennari hóp. Einmitt þeim sama hóp sem fyrir kosningar hafði hrópað hæst um það að nú yrði almenningur að skera úr um það hvaða stefnu ætti að fylgja eftir kosningar. Þegar þeirra stefna varð síðan ofan á í kosningunum ákváðu þeir að breyta stefnunni til þess að leiðrétta rangt val fólksins.

Tilraun fólksins til að ráða stjórnarstefnunni hafði rétt einu sinni mistekist en verið þið viss um að það verður reynt aftur og þá verða gömlu loforðin sjálfsagt komin í nýjan búning svo þau þekkjast varla.

Einmitt núna er þjóðin að ganga í gegn um hreinsunareld nýrrar kosningahríðar, tæpum fjórum vikum eftir borgarstjórnarkosningarnar títt nefndu. Enn rignir yfir okkur loforðum og meðal annars krefst Alþýðubandalagið þess að samningarnir verði aftur settir í gildi.

Raunar eru raddirnar ekki alveg eins háværar nú eins og áður en þeim er jafn lítið að treysta, því ef hnekkja á kjararánslögunum þá verður að skerða gróða auðmanna og engar líkur eru á að farin verði sú leið. Jafnvel þó AB verði stærsti stjórnarflokkurinn eftir kosningar. Það verður athyglisvert að fylgjast með því hvort AB er reiðubúið að taka þetta fé af atvinnurekendum og nota það til að bæta kjör launafólks eftir kosningar ef það verður í ríkisstjórn.

Það sem margir velta nú fyrir sér fyrir alþingiskosningar er hvernig verður næsta ríkisstjórn.

Halda núverandi stjórnarflokkar áfram stjórnarsamstarfi vegna yfirburða þingmeirihluta, sem örugglega verður ekki hnekkt þrátt fyrir eitthvert tap. Eða verður ný vinstri stjórn eins og AB þykist nú vilja fyrir kosningar.

Eða verður mynduð samstjórn Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks eins og Alþýðuflokkurinn óskar helst. Þetta er alls ekki svo fjarlæg hugmynd. Allar líkur eru á því að ekki standi á Alþýðubandalaginu um að koma í slíkt samflot.

Alþýðubandalagið hefur verið að undirbúa þetta á margan hátt með því að bera lof á svokallaðan Evrópukommúnisma. En hann gengur út á að verkalýðsflokkar geri "sögulega málamiðlun" við verstu afturhaldsöflin og myndi með þeim ríkisstjórn.

Þessar hugmyndir hafa sumir forystumenn AB sett fram eins og t.d. Þröstur Ólafsson, en fyrir kosningar þykir forystunni þó hollast að tala frekar um alþýðustjórn.

En ef til kæmi hvað myndi slík "söguleg málamiðlun" þýða fyrir þau baráttumál sem heitast hafa brunnið á íslenskri alþýðu? T.d. baráttuna fyrir brottför hersins og úrsögnina úr NATO eða baráttuna gegn ásælni erlendra auðhringa: Þessi mál yrðu sett til hliðar og þeir sem hafa sæmilegt minni muna eflaust að það voru einmitt þessi mál sem ekki var hægt að ræða fyrir opnum tjöldum á þingi AB í vetur. Einmitt vegna þess að deilt var um hvort ekki væri rétt að setja þau til hliðar strax fyrir kosningar.

Eftir slíka stjórn verður AB að hálfvolgum herstöðvasinnaflokk í líkingu við gamla krataflokkinn Alþýðuflokkinn.

Auðvitað verður háttvirtum kjósendum sagt að þessi "sögulega málamiðlun" hafi verið nauðsynleg til að bjarga efnahagsmálum þjóðarinnar, losa efnahagslífið við verðbólguna og lægja spennuna sem skapast af átökum stéttanna. Þeir munu kalla þetta bandalag stéttanna sem komið væri á af illri nauðsyn til að bjarga við efnahagslífi þjóðarinnar. En hverjar verða þá þær ráðstafanir sem gerðar verða ef miðað er við hvert eðli slíkrar stjórnar væri. Jú kaupránsstefnu hægri stjórnarinnar yrði haldið áfram með þeirri einu breytingu að engin mótmæli heyrðust lengur frá verkalýðsforystunni.


Það væri eina breytingin sem yrði en sú breyting skiptir raunar mestu fyrir launafólk. Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur yrðu ötulir talsmenn þess að stilla yrði kröfunum í hóf, því hugsa yrði fyrst og fremst um að atvinnufyrirtækin væru rekin með hagnaði svo þau stöðvuðust ekki. Þetta er sá söngur sem AB söng á síðustu dögum "vinstri"stjórnarinnar, þegar þeir tóku kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi. Og þetta er sá söngur sem þeir munu syngja í hvaða ríkisstjórn sem þeir verða eftir kosningar.

Af Alþýðubandalaginu er

framhald á síðu 3.

Ræður á kosningafundi Kommúnistaflokks Íslands

Soffía Sigurðardóttir:



Góðir baráttumenn!

Jafnrétti karla og kvenna til starfs, náms og launa, hefur hingað til verið eitt helsta baráttumál kommúnista.

Þann tíma sem ég hef starfað sem verkakona hef ég orðið áþreifanlega vör við að þrátt fyrir lagasetningar er þetta jafnrétti ekki í reynd. Í frystihúsi unnum við við lægst launuðu störfin - snyrtingu á fiski. Í sláturhúsi vann ég á lægsta taxta sem þar gilti.

Starf mitt var talið "kvennastarf" þótt þar reyndi svo sannarlega bæði á krafta og úthald. Seinna leitaði ég eftir starfi hjá sama fyrirtæki hér í Reykjavík en fékk neitun, því ráðningarstjórinn vildi ekki gera stúlku þann óleik að gera hana vöðvamikla og herðabreiða. Þetta sama haust kom ég til Reykjavíkur sem verkakona að leita sér að vinnu og lærði margt um jafnréttismál. Ég hafði talið sjálfa mig unga og hrausta og var vön að vinna án þess að hlífa mér. En nú var ég allt í einu metin til jafns við karlmann sem væri öryrki og ég varð að sætta mig við lægst launuðu störfin á vinnumarkaðinum. Ég vann margvísleg verksmiðjustörf og tók virkan þátt í félagsstörfum Iðju - það kenndi mér margt. Í einni verksmiðjunni fengu karlmennirnir 20% hærri laun en konur.

Að sögn forstjórans var það bara af því þeir voru karlar.

Annarsstaðar fór þessi launamunur misjafnlega leynt.

Hvers vegna mismuna atvinnurekendur verkafólki eftir kynferði? Er þeim einhver hagur í því? Já, svo sannarlega, hér gildir gamla bardagaaðferðin - deildu og drottnaðu. Atvinnurekendur þurfa á að halda miklum fjölda verkafólks sem þeir geta kallað til starfa þegar uppgangstímar eru og sent heim þegar kreppir að. Þegar þetta varavinnuafl missir atvinnu sína, á það ekki að fara í mótmælagöngur og gera kröfur. Nei, það á að gegna annarri köllun sinni og gæta barna og bús.

Til þess að verkakonur sætti sig við þetta hlutverk, þarf að halda þeim niðri með óöryggi og ótta. Þeir sem eitt sinn hafa fengið eitthvað, vilja ekki sleppa því og þess vegna finnst atvinnurekendum mikilvægt að konurnar kynnist ekki atvinnuöryggi og að þeim finnist staða sín og kjör vera komin undir náðarvilja annarra. Þegar konur krefjast sömu launa og karlmennirnir við hlið þeirra með 20% yfirborgun er svar atvinnurekendanna: Ef ég hækka kaup kvennanna um 10%, verð ég líka að lækka kaup karlanna um 10%. Og karlarnir svar auðvitað nei, sem er alveg rétt hjá þeim. Atvinnurekandinn slær bara út höndunum og segir: Þið verðið bara sjálf að rífast um skiptinguna á þessum 20% meira hef ég ekki til skiptanna. Þannig sundra auðmennirnir verkalýðsstéttinni og etja henni út í innbyrðisbaráttu milli karla og kvenna, eða milli hinna ýmsu starfshópa. Svo bágstödd er verkalýðshreyfingin að forysta hennar tekur undir áróður auðvaldsins.

Atvinnurekendur eru látnir skammta og Alþýðusambandið logar svo í deilum um skiptingu skammtsins. Gegn þessu ástandi verður að snúast og í þeirri baráttu stendur Kommúnistaflokkurinn.

Kvennahreyfingin hefur hér ákveðnu hlutverki að gegna, að efla þátttöku kvenna í pólitísku starfi og yfirvinna óöryggi þeirra og ótta. Bæta samstöðu og skilning milli kvenna og karla svo þau létti hvors annars byrðar og efli sameiginlegt starf. Alþýðan nær ekki völdum ef helmingur hennar situr heima og tekur ekki þátt í baráttunni. Þátttaka kvenna í baráttunni er því brýn. Til þess að af henni megi verða þurfa kommúnistar ekki síst að skóla sjálfa sig, uppfræðsla er nauðsynleg bæði meðal kvenna og karla. Án þátttöku kvenna er engin bylting möguleg. Þetta er ekki slagorð, þetta er staðreynd og eftir henni verðum við að haga starfi okkar.

Góðir baráttumenn!

Ég vil hér gera að umtalsefni þann skefjalausa áróður Alþýðubandalagsins að atkvæði til K-listans sé kastað á glæ og geti þar að auki jafnvel fellt einn þingmann Alþýðubandalagsins. Er nú svo mikill skaði skeður þó svo fari? Hverju breytir einn þingmaður Alþýðubandalagsins fyrir verkalýðinn? Að veita Alþýðubandalaginu öflugan stuðning í komandi kosningum, er að veita þeim öflugan stuðning sem afnámu vísitöluna í tíð síðustu vinstri stjórnar, þeim sem troðið hafa á lýðræðinu innan verkalýðshreyfingarinnar og sífellt gefið undan fyrir hagsmunum auðvaldsins. Að kjósa Alþýðubandalagið er að kjósa þá sem í tíð síðustu vinstri stjórnar reyndust reiðubúnir að sætta sig við hersetuna og NATO og verða það líka í næstu ríkisstjórn.

Á hvern hátt hefur Alþýðubandalagið komið til móts við kröfur hinna róttækustu? Engan veginn. Það hefur sífellt höfðað til hægri, en sagt við baráttumenn: Kjósið okkur helvítin ykkar þið eigið ekki um annað að velja, annars eruð þið að svíkja sósíalismann, verkalýðsvöldin og viðbótarþingmanninn!

Og hver er svo þessi viðbótarþingmaður? Í Reykjavík er það Ólafur Ragnar Grímsson, sá sem hefur staðið framarlega fyrir því að Alþýðubandalagið komi á engan hátt til móts við kröfur baráttumanna. Þúsund atkvæði greidd Kommúnistaflokknum eru margfalt meira virði en einn þingmaður Alþýðubandalagsins. Hvert atkvæði sem greitt er K-listanum er greitt baráttunni fyrir lífvænlegum launum fyrir dagvinnu, baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og baráttunni fyrir undanbragðalausri brottför hersins og úrsögn Íslands úr NATO. Þingmaður Kommúnistaflokksins yrði málsvari þessarar stefnu á Alþingi. Hann myndi sína fram á hvert raunverulegt hlutverk Alþingis er og það verður fróðlegt að bera saman starf og stefnu Gunnars Andréssonar eða allra þingmanna Alþýðubandalagsins samanlagt. Einn þingmaður Kommúnistaflokksins kemur alþýðunni að margfalt meira gagni en þingmenn allra annarra flokka.

Sú staðreynd að Kommúnistaflokkurinn fær mjög takmarkaðan tíma í fjölmiðlum, leggur þær skyldur á herðar félaga hans og stuðningsmanna að þeir kynni stefnu hans hvar og hvenær sem er og vinni óþreytandi að því að afla honum fylgis. Öflugur stuðningur til Kommúnistaflokksins í komandi kosningum, er ómetanlegur styrkur fyrir baráttuna á Íslandi.

KJÓSUM K-LISTANN
KJÓSUM BARÁTTUNA



Kristján Guðlaugsson.

Viðtal við Kristján Guðlaugsson

„Lýðskrum Alþýðubandalagsins miðar að því að hindra vinstri þróunina"

- Því hefur verið haldið fram af Alþýðubandalaginu, að íhaldið í Reykjavík hefði ekki fallið ef t.d. Kommúnistaflokkurinn hefði boðið fram í borgarstjórnarkosningunum. Hvað viltu segja um þetta og framboð Kommúnistaflokksins í alþingiskosningunum?

- Það gefur náttúrulega auga leið, að íhaldið hefði haldið meirihluta sínum í Reykjavík ef Kommúnistaflokkurinn hefði hvatt fylgismenn sína til að skila auðu, þar sem litlu munaði atkvæðamagninu. Ef 57 manns hefðu látið ógert að kjósa Alþýðubandalagið í Reykjavík hefði íhaldið setið nú við stjórn. Ég tel persónulega að kosningaósigur Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík skipti hér mestu máli. Ég held að úrslit bæjarstjórnarkosninganna sýni svo mjög eindræga fylgisaukningu AB. Það er miklu fremur um að ræða víðtæka andstöðu gegn stjórnarflokkunum tveimur sem fellir meirihluta íhaldsins. Það sést best af því, að Framsókn tapar líka fylgi. En þótt sigur AB í borgarstórnarkosningunum færi því ákveðinn meðbyr horfa málin öðru vísi við í Alþingiskosningunum. Ég tel fulla ástæðu til að vara við því lýðskrumi AB-forystunnar, að allir vinstri menn verði nú að kjósa Alþýðubandalagið, til þess að fella meirihluta íhalds og Framsóknar. Þetta lýðskrum Alþýðubandalagsforystunnar miðast við að hindra vinstriþróun meðal verkalýðsins, það er hægriáróður. Því meirihluti íhalds og Framsóknar á þingi er meiri en svo, að hann falli í komandi kosningum - jafnvel þótt fylgisaukning AB haldi sér. Íhaldsflokkarnir tveir hafa því sem næst 70% atkvæða samanlagt og 42 þingmenn, á meðan Alþýðubandalagið hefur 18,3% og 11 þingmenn. Þótt stjórnarflokkarnir tapi 14% samanlagt og Alþýðubandalagið vinni 8% eins og í bæjar- og sveitastjórnarkosningunum, nægir það ekki til þess að meirihlutinn falli. Það er líka fásinna, að halda því fram að atkvæði sem falla á KFÍ eða önnur framboð séu dauð atkvæði, eins og AB-forystan gerir. Og það er athyglisvert, að AB-forystan skuli ekki kalla þau atkvæði sem falla á íhaldsflokkana dauð. Þessi áróður miðar að því að hindra þá vinstri þróun sem á sér stað meðal vinnandi fólks, hún letur það raunverulega til að veita öflum sem eru til vinstri við Alþýðubandalagið fylgi sitt. En á sama tíma fagna AB-menn sigri Alþýðuflokksins og kalla hann verkalýðsflokk. Ég tel að þetta sýni ljóslega að hægri öflin innan Alþýðubandalagsins hafa styrkt stöðu sína geysilega og þau óttast að þau tapi fylgi til vinstri, til Kommúnistaflokksins eða Fylkingarinnar. Framboð Kommúnistaflokksins til Alþingis er engan veginn stuðningur við íhaldið, eins og lýðskrummeistarar Alþýðubandalagsins láta í veðri vaka. Það er sprottið upp úr aukinni stéttmeðvitund verkafólks og helst í hendur við þá róttæku þróun sem á sér stað innan verkalýðahreyfingarinnar.

- Hvaða líkur telur þú á því að önnur ríkisstjórn verði mynduð eftir kosningar og þá hver?

- Ég vil nú ekki spá neinu um það, en ég hef velt þessu fyrir mér og að því er ég get best séð er það ekki óhugsandi að ný stjórn verði mynduð. Ég á von á fylgistapi íhalds og Framsóknar, jafnvel þótt eitthvað af þeim atkvæðum sem féllu á kratana í bæjar- og sveitastjórnarkosningunum skili sér aftur til íhaldsins. Og það er í sjálfu sér óeðlilegt ef miða skal við viðteknar hefðir, að þeir flokkar sem missa fylgi að marki, myndi stjórn að nýju. Framsókn er búin að sitja í tveim stjórnum í röð, þeirri fyrri undir nafninu vinstriflokkur og þeirri síðari undir nafninu hægriflokkur. Að vísu er það Alþýðubandalagið sem gefur Framsókn nafnið, allt eftir því hvort tekst að fá það með í stjórn eða ekki. Skiljanlega getur AB-forystan ekki kallað Framsókn hægriflokk þegar þau sitja í sömu stjórn. Gjaldi Framsókn afhroð, sem mér þykir ekkert ólíklegt, tel ég að flokkurinn muni ekki sitja í næstu stjórn. Alþýðuflokkurinn er búinn að gapa svo mikið yfir spillingu bræðraflokka sinna á Alþingi að hann á erfitt með að setjast í stjórn nú, þótt það sé ekki útilokað. Kratarnir hafa nefnilega engin prinsíp - nema að komast á jötuna. Hugsið ykkur Vilmund Gylfason sem meðreiðarsvein Jóns Sólness í Kröflunefnd.

Það er hins vegar auðvelt að sjá af skrifum AB-forystunnar að hana munar í ráðherraembættin. Og þó svo hún geti ekki sagt það, svona rétt fyrir kosningar, þá svífst hún einskis til að ná þessu markmiði sínu. Ég veit að margir forystumenn Alþýðubandalagsins vilja mynda stjórn með íhaldinu. En það má bara ekki segja opinberlega, þar sem allur kosningaáróðurinn gengur út á andstöðu við íhaldið. Samstjórn íhalds og Alþýðubandalags er möguleg, en það er líka hugsanlegt að íhald og kratar reyni stjórnarmyndun. Eins og ég sagði áðan, vil ég ekki spá neinu um þetta, því haldi íhaldsflokkarnir meirihluta sínum, er líka mögulegt að þeir myndi aftur stjórn. Hitt ætti hins vegar að vera ljóst, að mikil nauðsyn er á öflugri baráttu gegn íhaldinu - hvort sem er innan stjórnarflokkanna eða í forystu Alþýðubandalagsins. Ég held að kommúnískur þingmaður myndi torvelda stéttasamvinnupólitík Alþýðubandalagsforystunnar á þingi að mun. Þess vegna er nauðsynlegt að efla veg Kommúnistaflokksins í þessum kosningum sem allra mest. Ég vil að lokum hvetja alla þá, sem vilja berjast gegn heimsvaldastefnu, auðvaldi og stéttasamvinnu, að fylkja sér um Kommúnistaflokkinn og tryggja honum brautargengi þann 25. júní.

- Það er mikið talað um að fylgistap Sjálfstæðisflokksins hafi ráðist af afstöðu ungs fólks. Er ungt fólk róttækara nú og er líklegt að það hafi áhrif á þann fjölda sem styður Kommúnistaflokkinn?




Ólafur Ragnar Grímsson vill veiða á hægri-miðum.

- Það liggur vafalítið mikið í þessu. Æskan í dag er almennt talað róttækari og reiðubúnari til baráttu en t.d. fyrir einum áratug síðan. Hún vex ekki lengur upp við skilyrði stríðsgróðans, eða við menningarlegt ofríki bandarísku heimsvaldastefnunnar. Þvert á móti sér æskan vaxandi upplausn og óreiðu auðvaldsheimsins skýrt fyrir augum, þegar hún litast um á vettvangi heimsmálanna. Atvinnuleysi, kreppa, ránsstyrjaldir og sívaxandi spilling valdhafa hins kapítalíska heims er augljós öllum sem nenna að hugsa um málin. Stöðugleiki heimsvaldastefnunnar hefur runnið sitt skeið á enda, alla vega í bili. Við tekur upplausn og hnignun. Þetta hefur leitt til þess að ungt fólk skipar sér í vaxandi mæli í raðir andheimsvaldasinna. Það snýst gegn NATO og hernum, það fordæmir ránsstyrjaldir risaveldanna og snýst gegn undirlægjuhætti íslenskra valdhafa við erlend heimsvaldaríki. Unga fólkið er mikilvægt afl í stjórnmálaþróun sérhvers lands. Og aukning kommúnískra hugmynda meðal þess er mikill styrkur fyrir verkalýðshreyfinguna. Dæmin sýna, að það er oftast ungt fólk sem er fyrst til að ganga fram fyrir skjöldu í baráttunni. Þannig var það t.d. í andstöðustarfinu innan Dagsbrúnar, þannig er það innan Samtaka Herstöðvaandstæðinga og þannig verður það í auknum mæli á öllum sviðum þjóðfélagsbaráttunnar. Ég vonast til þess, að ungt fólk láti ekki hægri áróður Alþýðubandalagsforystunnar hafa áhrif á sig. Útbreidd andstaða þess gegn spillingunni og hvers kyns ólýðræðislegum starfsaðferðum ætti að snúa því frá Alþýðubandalaginu. Ungt fólk innan verkalýðshreyfingarinnar þekkir "lýðræðisást" Alþýðubandalagsins af starfsaðferðum Guðmundar J. og Eðvarðs og hinna AB-forkólfanna, sem árum saman hafa lamað alla baráttuskipulagningu og notast við hálffasískar aðferðir í stjórnun stéttarfélaganna. Framkoma Ólafs Ragnars Grímssonar innan útvarpsráðs, þegar hann snerist gegn jöfnum rétti frambjóðendanna og krafðist þess að lýðræðisreglur útvarpsins yrðu brotnar, ætti líka að sýna ungu fólki hvert raunverulegt

framhald á síðu 3.







"Ég stekk ef þú stekkur". Bæði Alþýðuflokkinn og Alþýðubandalagið langar í ríkisstjórn. Skyldu þeir fara saman í stjórn með Sjálfstæðisflokknum?





Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
25. og 26 tbl. 7. árg. 20.6. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17
101 R



..ild Rauðsokka í göngu Baráttueiningar og Rauðrar verkalýðseiningar á 1. maí.

Viðtal við Rauðsokka

Stéttabaráttan tók fyrir skömmu viðtal við nokkrar konur, sem allar hafa mikinn hug á jafnréttismálum. Fer hér á eftir fyrri hluti viðtalsins, en hinn síðari birtist seinna.

Þær sem við ræddum við eru Margrét Einarsdóttir, Hjördís Bergsdóttir, Skúlína H. Kjartansdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Margrét Jóhannsdóttir og Guðrún Helgadóttir.

„Foreldrar verða bæði að bera ábyrgð á framfærslu barnanna"

Til að byrja með viljum við spyrja ykkur um afstöðu ykkar til jafnréttisbaráttunnar, hvers vegna heyjið þið þessa baráttu

Hjördís: Ég tel hana nauðsynlega til þess að vekja konur sjálfar upp til meðvitundar um stöðu sína í þjóðfélaginu, til að hrista af þeim aldagamla hefð um hlutverkaskiptingu kynjanna. Hún er nauðsynleg til þess að þær hætti að líta á sjálfar sig sem fæddar til að gegna hlutverki húsmæðra og eiginkvenna eingöngu. Jafnréttisbaráttan er nauðsynleg til að gera konur félagslega meðvitaðar að þær líti á síg sem sjálfstæða einstaklinga sem hafa fullan rétt til þátttöku í störfum þjóðfélagsins.

Norma: Sem húsmóðir verð ég aðallega að berjast við einangrunina. Mér finnst ég vera utangátta í þjóðfélaginu sem húsmóðir með ung börn.

Hjördís: Það er staðreynd að þegar hjón eignast börn þá er það alltaf annar aðilinn sem hugsar um þau meðan þau eru ung. Í flestum tilfellum er það konan sem annast þau. En þetta starf fær hún aldrei metið á vinnumarkaðinum og það finnst mér eitt mesta óréttlætið.

Norma: Mér finnst að húsmæður ættu að fá kaup.

Hjördís: Hver á að borga?

Skúlína: Mér finnst ekki rétt að krefjast þess að konum verði greidd laun fyrir hússtörfin. Það er rangt að loka hverja konu inni yfir nokkrum börnum. Það væri nær að safna börnunum saman í gæslu og kennslu með félögum sínum og sérhæfðu starfsfólki á góðum dagheimilum. Í stað þess að krefjast þess að konur fái laun fyrir hússtörfin vil ég berjast fyrir því aðkonur geti valið sér hvaða starf sem er. Auk þess ættu hússtörfin að vera sameiginleg fyrir alla fjölskylduna.

Guðrún: Það er ekki nógu vel búið að barnaheimilunum, þó að starfsfólkið sé allt af vilja gert, þá vantar fleira fólk og meira fé.

Hjördís: Við ríkjandi ástand í dagvistunarmálum finnst mér ekki rétt að setja mjög ung börn í gæslu, vegna þess að dagheimilin eru eins konar geymslur.

Norma: Mín reynsla er sú, að ég get fengið dagvistun fyrir eitt barn fyrir hádegi og annað eftir hádegi. Sem þýðir að ég get ekki farið út að vinna, því þessi dagsvistun er mér ónýt.

- Haldið þið að það sé munur á afstöðu eldra og yngra fólks til jafnréttis kynjanna?

Norma: Já, mér finnst eldra fólkið oft íhaldssamara.

Sigríður: Unga fólkið er nú oft ekki betra. T.d. veit ég að fjöldamargar ungar stúlkur sem eru að eiga sín fyrstu börn, vilja bara hætta að vinna og vera heima. Aftur á móti hafa margar eldri konur mun meiri áhuga og skilning á að þær þurfa að vinna.

Hjördís: Unga fólkið sem hræðist kvennfrelsisbaráttuna gerir það vegna vanþekkingar, þekkingarskortur veldur hræðslu.

Sigríður: Unga fólkið sér heimilislífið í rósrauðum bjarma, ungabörnin sofandi sæl í vögginni og þau pissa aldrei á sig eða verða veik, þannig er okkur innrætt að heimilislífið sé.

Skúlína: En er það nú ekki fleira sem háir okkur en almenn íhaldssemi? Hvað til dæmið með atvinnurekendur? Erfiðleikarnir hjá unga fólkinu eru gífurlegir þegar móthverfa milli þess heimilislífs sem okkur er innrætt að sé æskilegt og þátttöku í atvinnulífinu kemur í ljós. Kröfurnar sem atvinnurekendur gera til kvenna og tillitsleysið sem þeir sýna gagnvart tvöföldu vinnuálagi hrekur margar aftur inn á heimilin. En flestar alþýðukonur verða að vinna eitthvað utan heimilis, en samfélagið kemur ekki til móts við þær.

Sigríður: Það er of algengt að konur líti ekki á sig sem stöðugan vinnukraft, heldur að vinna utan heimilis sé aukastarf, jafnvel hafa þær samviskubit vegna fjölskyldunnar.

Margrét: Sem ætti að vera óþarfi, því þær eiga ekki að bera einar alla ábyrgð á heimilislífinu þó þær séu eiginkonur og mæður.

Hjördís: Þetta á ekki við um allar, fjöldamargar konur eru fyrirvinnur sinnar fjölskyldu.

Guðrún: Það er ekkert undarlegt að konur séu farnar að trúa því að þær séu annars flokks vinnukraftur, þar sem þeim er

framhald á síðu 3.

Alþýðubandalagið þorði ekki að mæta

Eins og lesendur Þjóðviljans vita glöggt, skoraði Kommúnistaflokkur Íslands á Alþýðubandalagið til kappræðufundar um málefni kosninganna og þá sérstaklega verkalýðsmálin. Nú er liðinn meira en hálfur mánuður, og þrátt fyrir tvær auglýsingar í Þjóðviljanum, og formlegt bréf til stjórnar AB í Reykjavík hefur enn ekki bólað á svari.

Við hvað er forysta AB hrædd ? Af hverju treysta þeir sér ekki til kappræðna við Kommúnistaflokkinn ? Þeir ráða mestum hluta verkalýðshreyfingarinnar og skipa meirihluta í miðstjórn ASÍ.

Forystumenn AB vilja ef til vill ekki að það fréttist meira en orðið er hvernig þeir brjóta lög verkalýðshreyfingarinnar trekk í trekk.

Mögulega eru þeir hræddir við að fólk geri sér grein fyrir hvernig þeir hafa notað verkalýðshreyfinguna aðstöðu sína í forystu verkalýðshreyfingarinnar til atkvæðasöfnunnar, í stað þess að beita aðgerðum gegn auðvaldinu og ríkisvaldi þess til að hindra kjaraskerðingarnar.

Það er ykkar er lesið þetta að skera úr það hvort þessi vinnubrögð AB - forystunnar samrímast sósíalisku lýðræði.



Svarvari Gestssyni er einhverra hluta vegna illa við að kappræða við félaga Kommúnistaflokksins.

Sendiherra Albaníu á Íslandi

Sendiherra Sósíalíska alþýðulýðveldisins Albaníu á Íslandi, hr. Baskhim Dino, kom hingað til lands um miðjan júní til að afhenda forseta Íslands trúnaðarbréf sitt, en það munu vera rétt um tvö ár síðan Ísland ákvað að taka upp stjórnmálasamskipti við Albaníu. Með Baskhim Dino í förinni hingað var verslunarfulltrúi sendiráðsins, hr. Myfit Hazibu, en tilgangur þeirra með heimsókninni til Íslands var jafnframt að koma á viðskiptatengslum milli landanna. Aðsetur sendiráðs þeirra er í Stokkhólmi.

Daginn áður en þeir héldu af landi brott flutti sendiherrann erindi á vegum Menningartengsla Albaníu og Íslands og svaraði fjölmörgum fyrirspurnum um stöðu Albaníu í dag og afstöðu þess til ýmissa mikilvægra mála. Í lok fundarins þakkaði formaður MAÍ, Sigurður Jón Ólafsson, albönsku fulltrúunum fyrir komuna og sagði, að heimsókn þeirra myndi án efa verða til þess að styrkja vináttutengslin milli albönsku og íslensku þjóðanna.



Enver Hoxha leiðtogi Flokks vinnunnar í Albaníu.

Bragur um prófessor Ólaf

Prófessor Ólafur - orðlagður lýðræðispáfi
sem árum saman bruddi við sambandsins jötu
hefur í bili hætt sínu villuráfi
og haslað sér völl við öndverða Grettisgötu.

Prófessor Ólafur - efnismaður í bernsku
atti sitt fyrsta kapp á Möðruvöllum
ágirndin knúði hann í lágreista lausamennsku
hann lýsti sig falann og búinn að starfa með öllum.

Prófessor Ólafur - óðvirki af metorðafeber
etur nú freklega af Bandalagsins jötu
og hvar ætti heldur háskólagenginn streber
að halda sig, en einmitt á Grettisgötu?